

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, frístundasvæði Öldubýggð, Svínavatn.

Gildandi skipulag gerir ráð fyrir einum bústað á hverri lóð að hámarki 200 m² að stærð ásamt útigeymslu eða svefnhúsi þar sem hámarksflatarmál skal vera 25 m².

Breytingin felur í sér að á hverri lóð er heimilt að reisa eitt aðalhús og eitt aukahús (gestahús eða geymslu). Hámarksbyggingarmagn lóðar miðast við nýtingarhlutfallið 0,03 og þar af má aukahús vera allt að 40 m². Þakgerð, efnisval og mænishæð húsa er frjálst.

Grein 8 í skipulagsskilmálum fellur út.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 8. ágúst 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. ágúst 2019